

17.11.2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/222
komudagur 17.11.2011

Góðan daginn

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum, 34. mál.

Þingsályktunartillaga þessi hefur áður verið lögð fram og Mátis ohf vísar í umsögn sem send var 4. janúar 2010, umsögn um þskj. 22 - 22. Mál, 138 löggjafarþing



Kær kveðja / Best regards

Eydís Arnviðardóttir, B.A
Skjalastjóri / Records Manager
Rekstur & viðskiptaþróun /
Gen. Operation & Business Development
Beint / Direct: (+354) 422 5036

Alþingi
Erindi nr. P 138/884
komudagur 8.1.2010



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2010

**Umsögn Matís ohf um tillögu til þingsályktunar um skilaskyldu á ferskum matvörum
Þskj. 22 – 22. mál, 138. löggjafarþing 2009-2010**

Matís lýsir yfir stuðningi við að setja eigi reglur yfir skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum. Reglurnar eru ekki einungis miklægt skref í að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar framleiðslu. Þær eru ekki síður mikilvægar með tilliti til heilbrigðis- og umhverfissjónarmiða. Hvað verður um þá vöru sem skilað er tilbaka til framleiðanda og hvernig er ákvörðun um nýtingu/eyðingu þeirra tekin? Hvað kostar að flytja vörur fram og tilbaka landshornanna á milli? Það er nokkuð ljóst að á lokum lendir sá kostnaður á neytandanum.

Matís hefur séð í gegnum margvísleg verkefni að full þörf er á að meta heildstætt núverandi fyrirkomulag á skilaskyldu matvæla og setja reglur þar um. Matís styður því þá ályktun Alþingis að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu matvæla og býður fram aðstoð sína við þá vinnu.

Virðingarfyllt,

Sjöfn Sigurgísladóttir
forstjóri